

## Endurskoðun kosningalaga

---

**From:** Gunnar A. Ólason <garono@gmail.com>  
**Sent:** 27. apríl 2015 11:01  
**To:** Kosningalög  
**Subject:** Kjörskrá

Góðan dag. Ég hvet vinnuhópin til að taka vel á því hvernig bregðast skuli við þegar menn blekkja yfirvöld með falskri lögheimiliskráningu. Lög um lögheimili virðast mjög skýr og lög um tilkynningar til aðsetursskipta eru það einnig. En fólk virðist hins vegar hundsá þessi lög í mörgum tilfellum. Til eru viðurlög við því að villa um fyrir stjórnvöldum en ég veit ekki til þess að eftirlit sé virkt í þessum málaflokki.

Í dag held ég að fyrirkomulagið á samþykkt kjörskrár sé þannig að sveitarstjórn ákveðins sveitarfélags fær kjörskrá inn á formlegan fund og afgreiðir hana þar. Lagaskylda er um að fundargögn, í þessu tilfalli kjörskrárgrunnur, komi til birtingar í fundarboði 2 sólarhringum fyrir fund sveitarstjórnar. Hvernig á fólk í sveitarstjórn að geta farið yfir heila kjörskrá með vönduðum hætti á innan við tveimur sólarhringum með öllum öðrum málum sem eru á dagskrá sveitarstjórnar? Það er ekki mögulegt nema í örsmáum sveitarfélögum með fáa íbúa. Hvernig væri að kjörskrá væri birt opinberlega í hverju sveitarfélagi fyrir sig með rafrænum hætti? Líklega er svarið það að það megi ekki vegna persónuverndar en er hægt allavega að birta nöfnin á íbúum viðkomandi sveitarfélags án heimilisfangs?

Ef þetta er ekki hægt hvernig væri þá að skylda sveitarfélög til að birta kjörskrá t.d. í febrúar fyrir fulltrúum í sveitarstjórn en leggja hana ekki til samþykktar fyrr en mánuði eða tveimur mánuðum síðar? Þannig gæfist sveitarstjórnarfólki gott tækifæri og svigrúm til að fara yfir kjörskrána með vönduðum hætti og gera þá athugasemdir við hana seinna ef efasemdir eru um að viðkomandi einstaklingur uppfylli lög um lögheimili, Þjóðskrá fengi þá tíma líka til að skoða málið og meta stöðuna. Eitthvað verður að gera því fólk er í stórum stíl að skrá lögheimili sitt til málamynda í sveitarfélögum án þess að þar sé föst búseta. Þetta mun líka verða stórt atriði í stjórnsýslunni ef lög um lágmark útsvars verður tekið af eins og búið er að boða inni á Alþingi, fólk mun þá bara skrá lögheimili sitt í kútaskáp hjá hinum og þessum til að borga lægra útsvar þó það búi annarsstaðar og noti alla þjónustu þar. Það verður að taka á þessu með einhverjum hætti.

Með von um góðar undirtekir.  
Gunnar Aron Ólason.